

# Minnisblað

Til: Bæjarráð  
Frá: Axel Rodriguez Överby  
Dags. 2. desember 2021  
Mnr. 2021120018



ÍSAFJARÐARBÆR

---

## Minnisblað dags. 2. des 2021

Vegna umsóknar Skeiðs ehf., f.h. óstofnað sjálfseignarfélag um stofnframlag vegna húsnaðisbyggingar í sveitafélaginu, má gera ráð fyrir því að sveitafélagið þurfi að leggja út sem nemur 12 % af áætlum heildarstofnvirði verkefnis við 10 íbúðir. Áætlaður heildarkostnaður er 383.980.610 kr.- hlutur sveitafélags yrði 12% sem er 46.077.610 kr.-

Fjármögnun sveitafélagsins liggur í hvað þarf greiða út til framkvæmdaraðila. Sem er áætlað stofnframlag að frádregnum þeim gjöldum sem við gefum út reikning fyrir vegna framkvæmdarinnar (byggingarleyfisgjöld, gatnagerðargjöld, heimæðargjöld) . Það þarf svo að meta hvort lækka eigi handbært fé sem þessu nemur ef svigrúm er til þess, eða hvort þurfi að auka við lántöku sem nemur útgreiðslu.

Áætluð gjöld sem sveitafélagið myndi gefa eftir er áætlað þ.e. gatnagerðar- og byggingarleyfisgjöld um 13.8 m. kr. og áætlað greitt stofnframlag til Skeiðs ehf. yrði um 32,3 m. kr. helmingur við upphaf verks (árið 2022) og helmingur við verklok (árið 2023). Samanlagt stofnframlag er því áætlað 46 m.kr. sem yrði bókfært á aðrar langtímakröfur. Ekki er áætlað fyrir þessu í áætlun 2022 og mun því vera þörf á að bregðast við erindi með viðauka við fjárhagsáætlun.

Lagt er til við bæjarráð og bæjarstjórn að taka afstöðu til umsóknar Skeiðs ehf., um veitingu stofnframlags sbr. umsókn og leggja til gerð viðauka vegna verkefnisins.